

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands

Agnes Eva Þórarinsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri 17. júní síðastliðinn og var dúx skólans. Agnes er 19 ára og hefur frá sex ára aldri lagt stund á frjálssar íþróttir með Ungmennafélagi Akureyrar. Hún er í úrvalshópi Frjálsíþróttasambands Íslands og var í unglingalandsliði Íslands. Agnes mun keppa á Ólympíuleikunum í efnafræði fyrir Íslands hönd í sumar. Hún hyggur á nám í efnafræði í haust.

Alexander Gabríel Guðfinnsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskóla Borgarfjarðar í vor og var dúx skólans. Alexander verður 18 ára í haust. Hann æfði lengi sund og hefur einnig æft og keppt í dansi og unnið til verðlauna. Auk þess lét hann að sér kveða í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna 2010 og 2011. Alexander hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Alma Rut Óskarsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hún á að baki tíu ára tónlistarnám og lék handknattleik með íþróttafélaginu HK í ellefu ár. Þá hefur hún sinnt sjálfböðastarfi hjá Rauða krossinum. Alma hrepti fjórða sætið í þýskupraut framhaldsskólanna í fyrra. Hún hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Anna Rún Þorsteinsdóttir var dúx Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki í vor. Hún hlaut fjölmargar viðurkenningar, þar á meðal fyrir framúrskarandi námsárangur í erlendum tungumálum og í efnafræði. Anna Rún tók einnig þátt í Gettu betur fyrir hönd síns skóla. Anna Rún hyggst hefja nám í líffræði í haust.

Atli Þór Sveinbjarnarson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor, 19 ára gamall. Hann var í liði Íslands sem keppti á Ólympíuleikunum í eðlisfræði í fyrra og náði þar góðum árangri. Hann keppir aftur í ár. Auk þess hefur hann keppt í forritunarkeppni framhaldsskólanna með góðum árangri. Atli Þór stefnir á nám í rafmagns- og tölvuverkfræði í haust.

Áslaug Haraldsdóttir brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í fyrravor og var þá dúx skólans. Áslaug sigraði í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna í fyrra en hún keppti jafnframt á Ólympíuleikunum í stærðfræði 2010 og 2011. Áslaug lék handknattleik með íþróttafélaginu Fram til ársins 2010 og varð m.a. bikarmeistari með liðinu það ár. Hún hyggur á nám í stærðfræði í haust.

Dagný Björk Egilsdóttir var dúx Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi um síðustu jól. Hún hefur stundað nám í Tónlistarskóla Akraness þar sem hún hefur lagt stund á píanóleik, harmonikkuleik og

söng og hyggst hefja nám í píanóleik í Tónlistarskóla Reykjavíkur í haust. Dagný æfði lengi karate og ber svarta beltið í greininni en hún hefur unnið til Íslandsmeistaratitla í bæði kata og hópkata. Dagný stefnir á nám í læknisfræði í haust.

Elín Broddadóttir var semídúx í Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor. Hún hefur æft fimleika frá sex ára aldri og lokið þriðja stigsprófi í píanónámi. Þá hefur hún tekið þátt í Æskulýðsstarfi Hallgrímskirkju í allmörg ár og unnið þar með börnum á öllum aldri. Elín hyggst hefja nám í sálfræði í haust.

Gauti Baldvinsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri í fyrravor og var semídúx skólans. Hann hefur æft skíðagöngu og stundaði píanónám í níu ár sem lauk með framhaldsprófi í fyrra. Gauti dvaldi í Kenía eftir að hann lauk stúdentsprófi þar sem hann starfaði á munaðarleysingjahæli. Gauti stefnir á nám í efnafræði í haust.

Halldór Bjarni Þórhallsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og var dúx skólans. Halldór er 19 ára gamall og hefur lokið miðprófi í klassískum gítarleik ásamt því að hafa leikið handknattleik með íþróttafélaginu Fylki. Halldór hyggur á nám í stærðfræði í haust.

Hallfríður Kristinsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri í vor og var semídúx skólans. Hún hefur bæði lagt stund á tónlist og íþróttir, æfði knattspyrnu með Þór/KA og stundaði hljómborðs- og píanónám í sjö ár. Þá hefur Hallfríður náð góðum árangri í ýmsum keppnum framhaldsskólanna, t.a.m. í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði. Hallfríður stefnir á nám í læknisfræði í haust.

Heiðar Snær Jónasson brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor og var semídúx. Heiðar er að verða 19 ára. Í námi sínu við Verzlunarskólann sinnti hann m.a. félagsstörfum. Heiðar stefnir á nám í frönsku í haust.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 2011 og var þá semídúx skólans. Helga Margrét er mörgum að góðu kunn enda hefur hún verið í hópi fremstu frjálsíþróttamanna þjóðarinnar undanfarin ár og vinnur nú að því að tryggja sér keppnisrétt í sjöþraut á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar. Helga Margrét hyggst hefja nám í næringarfræði í haust.

Hólmfríður Hannesdóttir var dúx Menntaskólans í Reykjavík í vor. Hólmfríður á að baki ellefu ára nám í píanóleik og lauk miðprófi í píanóleik 2006 og sjötta stigi haustið 2008. Þá tók hún þátt í píanókeppni Evrópusambands píanókennara (EPTA) bæði árin. Hólmfríður hefur náð góðum árangri í stærðfræðikeppni og eðlisfræðikeppni framhaldsskólanna og keppir á Ólympíuleikunum í eðlisfræði í sumar. Hún hyggst hefja nám í rafmagns- og tölvuverkfræði í haust.

Hörður Bragi Helgason lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Egilsstöðum í fyrravor á þremur árum, þá aðeins 17 ára gamall. Hann var virkur í félagsstörfum í skólanum og náði góðum árangri í

þýskubraut framhaldsskólanna. Þá iðkaði hann knattspyrnu við knattspyrnuakademíu skólans. Frá því að Hörður lauk stúdentsprófi hefur hann verið í skiptinámi í Brasilíu. Hörður stefnir á nám í umhverfis- og byggingarverkfræði í haust.

Íris Dögg Héðinsdóttir brautskráðist frá Borgarholtsskóla í vor og hlaut þá viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur í félagsgreinum. Íris hefur m.a. sinnt sjálfbóðaliðastörfum fyrir Samhjálp og Hjálpræðisherinn ásamt því að syngja í kórum á vegum beggja samtaka. Íris hyggst hefja nám í sálfræði í haust.

Jia Chen lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti í vor. Hún kom ein hingað til lands árið 2007 frá Kína sem hælisleitandi. Á þeim tíma sem liðinn er hefur hún náð undraverðum árangri í námi og samhlíða því aðstoðað samnemendur sína, bæði íslenska og kínverskumælandi. Jia hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Jóel Rósinkrans Kristjánsson var dúx Fjölbautaskóla Suðurnesja um síðustu áramót. Hann hlaut við það tilefni fjölmargar viðurkenningar fyrir góðan árangur í mörgum greinum. Jóel leggur stund á píanónám. Hann hyggur á nám í viðskiptafræði í haust.

Margrét Snæfríður Jónsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð á þremur og hálfu ári. Hún vann m.a. til verðlauna í þýskubraut framhaldsskólanna árið 2010. Margrét hefur starfað sem sjálfbóðaliði hjá Rauða krossinum og Listasafni Reykjavíkur. Hún hyggur á nám í ensku í haust.

Ólafur Heiðar Helgason var stúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og semídúx. Hann var virkur þátttakandi í félagslífi skólans, þar á meðal leikfélagi og málfundafélagi auk þess sem hann sat í stjórn nemendafélags skólans. Hann hefur enn fremur lokið miðstigsprófi í píanóleik og unnið að gerð stuttmynda á vegum listamiðstöðvar í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Ólafur stefnir á nám í hagfræði í haust.

Saga Guðmundsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Sund í vor og var dúx skólans. Hún hefur æft knattspyrnu og keppt með meistaraflokki kvenna hjá Fjölni. Auk þess tók hún virkan þátt í félagslífi í menntaskóla. Saga hyggur á nám í stærðfræði í haust.

Sigríður Lilja Magnúsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í fyrravor og var þá dúx skólans. Hún tók sér ársfrí eftir útskrift og vann við umönnunarstörf í Noregi ásamt því að ferðast um heiminn. Sigríður Lilja hyggst hefja nám í hjúkrunarfræði í haust.

Simona Vareikaite var dúx Fjölbautaskólans við Ármúla um síðustu jól. Hún flutti til Íslands frá Litháen og lauk stúdentsprófi á þremur og hálfu ári. Simona hefur m.a. sinnt sjálfbóðaliðastörfum fyrir Rauða krossinn. Hún hyggur á nám í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði í haust.

Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði í fyrravor og var þá dux skólans. Hún æfði skíðagöngu frá sjö til 17 ára aldurs og var margfaldur unglíngameistari og Íslandsmeistari í þeirri grein ásamt því að vera í unglíngalandsliðinu. Þá var Sólveig kjörin íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2007. Sólveig hyggst hefja nám í lyfjafræði í haust.

Sæþór Pétur Kjartansson var dux Fjölbrotaskólans í Garðabæ í vor. Hann var virkur í félagslífi skólans, meðal annars í málfundafélaginu, auk þess sem hann tók þátt í spurningakeppninni Gettu betur fyrir hönd skólans síðustu ár þar sem skólinn náði góðum árangri. Sæþór hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Valgerður Bjarnadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og var semídux skólans. Hún hefur stundað píanónám og er á sjöunda stigi auk þess sem hún æfði knattspyrnu með Val til 18 ára aldurs. Þá var hún í kór Menntaskólans í Reykjavík samhliða námi. Valgerður hyggst hefja nám í læknisfræði í haust.